

**Þorkell  
Þorkelsson  
og jarðfræði  
Íslands.**

7/28.3.8

Etíðingarnæfni

I.

Mér þótti gott að sjá grein þá um íslenskar jarðfræðirannsóknir, sem góður náttúrufræðingur hefir fengið birta í „Vísir“ s. l. laugardag. Er alllangt síðan eg hafði ætlað mér að skrifa um tvær merkilegar jarðfræðiritgerðir eftir Þorkel Þorkelsson, en því miður er eg, af óviðráðanlegum ástæðum, langt á eftir áætlun með að koma af ýmsum fyrirhuguðum og meira eða minna undirbúnum greinum. Ritgerðir þessar eftir Þorkel, hefi eg lesið með mikilli aðdáun og þakklæti gagnvart höfundinum. Þó að Þ. Þ. sé vitanlega viðurkendur vísindamaður, virðist mér samt sem hann muni tæplega vera kunnur og metinn alveg einsog hann á skilið. Hefir mér þótt mikilsvert að sjá þennan vitsnilling gera sig að jarð-

fræðingi og taka þátt í rannsókn landsins. Hafði eg fyrir löngu skrifað nokkrar línur — þó að ekki hafi orðið úr að birta þær — til að láta í ljósi undrun mína yfir því, að menn eins og Þorkell Þorkelsson og dr. Bjarni Sæmundsson, sem hverjum háskóla væri sómi að, skyldu ekki vera sæmdir prófessorsnafnbót, úr því að slíkt tíðkast. Og er leitt, að sú tegund mentunar og áhuga sem þarf, til að meta að verðleikum, vel gerða vísindalega rannsókn og ritsmíð, skuli ekki vera algengari en er. Því að auðveldara mundi verða um alt þesskonar starf, ef svo væri; en efling greindar og aukning þekkingar undirstöðuatriði, ef mannfélag á að vera gott og á öruggri framfaraleið.

Vísir 28.3.1936

## II.

Geta má þess, að jurtaleifar frá tímabili milli ísalda eru ekki algerð nýjung í jarðfræði Íslands; hafði eg fundið dálítið af því tagi bæði við Fossvog og á Skaga, Húnaflóamegin. En smáræði var það í samanburði við það sem rannsóknir Þorkels Þorkelssonar og Jakobs Lindsals, hafa leitt í ljós. Þorkell fann þar að auki mjög fróðlegar skorkvikindaleifar. Er þetta mjög mikils virði fyrir þekkinguna á jarðsögu landsins, þó að annars jarðlögum og landslagi sé svo háttað, að úr því að tekist hafði að þekkja hinar eldri, umbreyttu, jökulurðir, -var augljóst, að fleiri ísaldir höfðu gengið yfir landið, en ein, jafnvel þó að hvorki höfðu fundist dýra- eða jurta-

leifar til að sýna að svo hefir verið. Verður þetta nú vonandi altánar rannsakað, og er ennþá fróðlegra þegar þess er gætt, að ísaldartímabilið stendur enn yfir. Hafa veðurfarsbreytingarnar á þessu tímabili orðið svo miklar sem landið hefði færst til um alt að því 20 breiddarstig. Og jafnvel eftir að land byggðist hafa sveiflurnar orðið það miklar, að nálega mátti hér heita óbyggilegt, þegar verst lét, en bæði óx hér skógur og korn þegar best vegnaði. En hversu fljótt og glögt hin lifandi náttúra segir til um veðurfarsbreytingarnar, hefir á þessum síðustu árum komið í ljós stórfróðlega, bæði á landinu sjálfu og við strendur þess.

25. mars.

Helgi Pjeturss.